

Héraðsdómur Vesturlands



D Ó M U R

12. febrúar 2026

Mál nr. E-233/2025

Úlfur Örn Maríuson

(Daniel Isebarn Ágústsson lögmaður)

gegn

Hval hf.

(Stefán A. Svensson lögmaður)

og til réttargæslu

íslenska ríkið

(Ingvi Snær Einarsson lögmaður)

Lárentsínus Kristjánsson héraðsdómari

Dómur Héraðsdóms Vesturlands 12. febrúar 2026

I. Dómkröfur, aðild og málsmeðferð

1. Mál þetta er höfðað 26. ágúst 2025. Stefnandi er Úlfur Örn Maríuson, Fljótaseli 35, 109 Reykjavík, og stefndi er Hvalur hf., Miðsandi, 301 Akranesi. Stefndi stefnir til réttargæslu íslenska ríkinu, Arnarhvoli, 101 Reykjavík.
2. Stefnandi krefst þess að stefnda Hval hf. verði gert að greiða stefnanda 4.105.332 kr. auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 2. september 2025 til greiðsludags.
3. Stefnandi krefst þess til vara að stefnda verði gert að greiða honum 2.129.066 kr. auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 2. september 2025 til greiðsludags.
4. Stefnandi krefst málskostnaðar úr hendi stefnda.
5. Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi stefnanda að skaðlausu.
6. Mál þetta er rekið samhliða fimm öðrum málum þar sem einstaklingar byggja á því að þeir eigi launakröfur á hendur stefnda vegna hvalvertíðar 2023 þrátt fyrir að ekkert hafi orðið úr hvalveiðum það ár vegna ákvörðunar stjórnvalda. Aðalmeðferð í öllum málunum fór fram samhliða 27. og 28. janúar sl. Fyrir dómi gáfu skýrslu stefnandi og Kristján Loftsson, framkvæmdastjóri stefnda. Þá gáfu skýrslu Guðmundur Steinbach, fjármálastjóri stefnda, Jón Karl Svavarsson, vaktstjóri á „Nonnavakt“, Sæmundur Rúnar Þorgeirsson, vaktstjóri á „Sæmavakt“, Einar Kaldi Örn Rafnsson, vaktstjóri í Hafnarfirði, og Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness. Skýrslur forsvarsmanns stefnda og starfsmanna stefnda sem og skýrsla formanns Verkalýðsfélags Akraness koma til athugunar við úrlausn framangreindra mála að breyttu breytanda. Eftir munnlegan málflutning var málið dómtekið. Réttargæslustefndi skilaði inn greinargerð í málinu þar sem hann rökstuddi þá ákvörðun að hann myndi ekki láta málið til sín taka. Byggir sú afstaða einkum á þeim grunni að hér sé um að ræða ágreining á milli einkaaðila jafnframt því að vísað er til máls stefnda á hendur réttargæslustefnda fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur nr. E-2042/2025 þar sem krafist er viðurkenningar á bótaskyldu íslenska ríkisins gagnvart stefnda vegna setningar á reglugerð nr. 642/2023. Í samræmi við framangreint gerir réttargæslustefndi engar kröfur og engar kröfur eru gerðar á hendur honum.

II. Málsvæði

7. Stefndi fékk upphaflega leyfi til hvalveiða 29. janúar 1947 á grundvelli þágildandi laga nr. 72/1928 um hvalveiðar. Leyfi stefnda var endurnýjað þann 22. október 1959 á grundvelli núgildandi laga nr. 26/1949 um hvalveiðar. Á grundvelli leyfisins stundaði stefndi hefðbundnar hvalveiðar allt til ársins 1985, er samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins frá 1982 um svokallaðan 0-kvóta tók gildi, er fól í sér bann við öllum veiðum í atvinnuskyni frá 1986. Hvalveiðar í atvinnuskyni hófust aftur við Íslandsstrendur árið 2006 og munu hafa verið stundaðar síðan, þó með hléum. Stefndi hefur á framangreindu tímabili notið heimilda til veiða á langreyði í atvinnuskyni, samkvæmt gildandi regluverki á hverjum tíma. Gerir stefndi í dag út tvö hvalveiðiskip, auk þess sem starfsemi fer fram í Hvalfirði og Hafnarfirði í tengslum við veiðar stefnda.

8. Í málinu er deilt um hvort stefnandi eigi launakröfu vegna hvalveiða sem til stóð að stunda sumarið 2023. Fyrir þá vertíð er ágreiningslaust að stefndi var með í gildi leyfi til veiða á langreyði árin 2019–2023, útgefið 5. júlí 2019, með tilvísun í 1. gr. laga nr. 26/1949 um hvalveiðar með síðari breytingum.

9. Matvælaráðherra gaf í júní 2023 út reglugerð nr. 642/2023, um breytingu á reglugerð nr. 163/1973 um hvalveiðar, sem undirrituð var 20. júní og birt í Stjórnartíðindum samdægurs. Samkvæmt 2. gr. reglugerðarinnar var hún sett samkvæmt heimild í 4. gr. laga nr. 26/1949, um hvalveiðar. Var þar í 1. gr. mælt fyrir um að á árinu 2023 skyldu veiðar á langreyðum ekki hefjast fyrir en 1. september 2023. Mál þetta snýst um það hvort, áður en framangreind ákvörðun var tekin í júní 2023, hafi verið komnir á bindandi ráðningarsamningar gagnvart nánar tilgreindum einstaklingum, þ. á m. stefnanda, þannig að þeir eigi rétt til fullra vertíðarlauna án tillits til ákvörðunar ráðherra.

10. Stefndi kvartaði yfir meðferð málsins til umboðsmanns Alþingis sem skilaði álit þann 5. janúar 2024. Það var álit umboðsmanns að ráðherra hefði við útgáfu reglugerðarinnar skort nægilega skýra stöð í 4. gr. laga um hvalveiðar, eins og sú grein yrði skýrð með hliðsjón af markmiðum sínum, lagasamræmi og grunnreglum stjórnskipunarrettar um vernd atvinnuréttinda og atvinnufrelsis. Þá yrði að leggja til grundvallar að útgáfa reglugerðarinnar hefði falið í sér fyrirvaralausa og verulega íþyngjandi ráðstöfun m.t.t. stöðu og hagsmuna stefnda. Taldi umboðsmaður, einkum í ljósi réttmætra væntinga félagsins, að við þær aðstæður sem uppi voru við útgáfu reglugerðarinnar, yrði að leggja til grundvallar strangar kröfur til þess að gætt væri meðalhófs m.t.t. stöðu og hagsmuna stefnda. Var það álit umboðsmanns að útgáfa reglugerðarinnar hefði ekki samrýmst kröfum um meðalhóf.

11. Stefndi sendi þá 11. janúar 2024 erindi á embætti ríkislögmanns, hvar óskað var eftir viðræðum við íslenska ríkið um bótauppgjör. Stefndi taldi við blasa í þeim efnum að félagið hefði orðið fyrir stórfelldum tekjumissi af því að geta ekki veitt langreyðar þann tíma sem bannið varði og síðar hagnýtt. Þá hefði félagið orðið fyrir stórfelldum fjárútlátum vegna ákvörðunar ráðherra. Til frádráttar gætu hins vegar komið, í samræmi við kenningar skaðabótaréttarins, spöruð útgjöld þann tíma sem bannið varði, einkum í formi launakostnaðar og annars breytilegs kostnaðar. Varðandi launakostnað væri þess þó að gæta að nánar tilgreind stéttarfélög hefðu lýst yfir þeirri afstöðu sinni að þau litu svo á að nánar tilgreindir einstaklingar ættu launakröfur á hendur stefnda vegna þess tímabils sem bannið varði. Væri þessi forsenda á annað borð rétt hefði slíkt, eðli málsins samkvæmt, áhrif á afmörkun fjárhæðar ætlaðra sparaðra útgjalda við útreikning skaðabótakröfu, hvar þeim sparnaði væri þá raunar ekki til að dreifa.

12. Stefndi hefur höfðað viðurkenningarmál á hendur íslenska ríkinu til heimtu skaðabóta með stefnu þingfestri 8. apríl 2025. Íslenska ríkið hefur skilað greinargerð og krefst sýknu. Ljóst er að endanleg fjárhæð bótakröfu stefnda á hendur ríkinu kann að ráðast af því hvort nánar tilgreindir einstaklingar, þ. á m. stefnandi, eigi launakröfur á hendur stefnda, líkt og ef til hefðbundinnar hvalvertíðar hefði stofnast, en fyrir liggur að stefndi hefur ekki greitt laun því til samræmis.

Atvik er varða stefnanda sérstaklega

13. Á vormánuðum 2023 réði stefndi að sögn stefnanda einstaklinga, þ.m.t. stefnanda, til starfa við veiðar á langreyðum á hvalvertíðinni sumarið 2023, en fyrirhugað var að veiðarnar myndu hefjast hinn 21. júní 2023. Starfsfólkinu var skipt á tvær vaktir, Nonnavakt og Sæmavakt, og átti hin fyrrnefnda að hefja störf 21. júní 2023 en hin síðarnefnda 22. júní 2023. Stefndi byggir reyndar á því sbr. síðar að þarna hafi ekki verið um eiginlega ráðningu að ræða heldur vilyrði um starf.

14. Stefnandi hefur frá árinu 2010 reglulega ráðið sig til vinnu hjá stefnda yfir hvalveiðivertíðina. Stefnandi hefur þannig starfað hjá stefnda sjö vertíðir, þ.e. árin 2010, 2013, 2014, 2015, 2018, 2022 og 2023.

15. Fyrirkomulagið hafi almennt verið með þeim hætti að stefnandi upplýsti stefnda um að hann hefði áhuga á að starfa á komandi vertíð og hefði í kjölfarið fengið staðfestingu frá stefnda um að hann væri ráðinn í starfið. Í aðdraganda vertíðar hafi svo verið haft samband við stefnanda símleiðis og honum tilkynnt um upphafsdag vertíðar.

16. Sami háttur hafi verið hafður á vegna vertíðarinnar 2023. Þannig sendi stefnandi tölvuskeyti til stefnda 10. apríl 2023. Í því kom fram að stefnanda langaði að melda sig inn á vertíð á lyftarann í kjöthúsinu. Enn fremur spurði stefnandi hvenær væri áætlað að vertíðin byrjaði það ár, hvort það væri eftir sjómannadag eða fyrr. Fjármálastjóri stefnda, Guðmundur Steinbach, svaraði stefnanda 2. maí 2023 en fram kom m.a. að ekki væri vitað um upphafsdag vertíðar.

17. Stefnandi kveðst jafnframt hafa verið í samskiptum við verkstjóra sinn hjá stefnda, Sæmund Rúnar Þorgeirsson. Hefði hann m.a. spurt hvort áætlað væri að bátarnir færu út 18. júní 2023 og fengið þau svör að sá dagur yrði líklega fyrsti dagur vertíðarinnar.

18. Stefnandi hafi aftur verið í samskiptum við verkstjórann 19. júní 2023 þar sem stefnandi spurði hversu líklegt það væri að vertíðin myndi hefjast 22. júní 2023. Verkstjórinn hefði svarað því að það væri dagsetningin sem miðað væri við en það gæti dregist í nokkra daga. Þeir yrðu í sambandi þegar nær drægi. Þann 20. júní 2023 sendi verkstjórinn eftirfarandi skilaboð á stefnanda og aðra á hans vakt: *Þá er þetta komið á hreint, mæting kl. 13:00 á fimmtudag 22. júní. Fer eftir veiði hvenær fyrsta vakt er.*

19. Stefnandi kveðst í samræmi við framangreint hafa gert ráðstafanir til þess að mæta til starfa 22. júní 2023 og starfa á hvalvertíð næstu þrjá mánuði. Hann hefði fengið frí í sínu aðalstarfi yfir hvalveiðitímabilið en annar einstaklingur hafði verið ráðinn tímabundið til þess að leysa hann af. Þá hafði hann leigt út íbúðina sína, enda hugðist hann dvelja í vistarverum stefnda, og útvegað og lagt út fyrir pössun fyrir hundinn sinn.

20. Ný reglugerð um veiðar á langreyðum, nr. 895/2023, var gefin út 31. ágúst 2023. Í kjölfarið hafi verið haldið til veiða hinn 6. september 2023 og hvalveiðivertíðin staðið yfir í 24 daga, til 30. september 2023. Stefnandi kveðst hafa unnið umrætt tímabil og til 4. október 2023 en það hafi verið aðeins brotabrot af þeirri vertíð sem lagt hafði verið upp með.

Aðdragandi ákvörðunar ráðherra og eftirmál

21. Matvælaráðherra undirritaði 10. ágúst 2022 reglugerð nr. 917/2022, um eftirlit með velferð dýra við veiðar á hvölum. Með reglugerðinni var Matvælastofnun („MAST“) falið að hafa reglubundið eftirlit með því að farið væri að lögum um velferð dýra við veiðar á hvölum á hvalvertíð 2022.

22. Þann 17. janúar 2023 bárust stefnda drög að eftirlitsskýrslu MAST með velferð dýra við veiðar á hvöllum, sem var afrakstur fyrrnefnds eftirlits. Var stefnda veittur frestur til andmæla sem stefndi sendi 26. janúar 2023 þar sem stefndi lýsti því að til að geta tekið afstöðu til þess sem segði í skýrsludrögum, þ. á m. að sannreyna réttmæti/forsendur niðurstaðna, væri stefnda nauðsynlegt að fá í hendur öll þau gögn sem lágu skýrslunni til grundvallar auk þess að benda á að óljóst væri hvort rekið væri stjórnsýslumál í tengslum við skýrsluna. MAST svaraði erindi stefnda 2. febrúar 2023 þar sem fram kom að *[e]f stjórnvaldsákvörðun [yrði] tekin á grundvelli þeirra gagna sem lögð hafa verið fram [myndi] slíkt verða tilkynnt til [stefnda]*. Stefndi svaraði þessu erindi 4. febrúar 2023 og óskaði eftir að fá myndbandsupptökur sem lágu skýrsludrögum til grundvallar, þar sem slíkt væri nauðsynlegt til að fá heillega mynd af málinu. Svar við beiðni stefnda barst 22. febrúar 2023 þar sem m.a. var beðist velvirðingar á töfum í málinu sem stöfuðu af miklu gagnamagni.

23. Stefndi svaraði erindi MAST þann 23. febrúar 2023 og óskaði eftir fresti til andmæla út mars m.a. vegna þess hversu viðfeðmt og vísindalegt málið væri. Í kjölfarið var stefnda veittur frestur til 31. mars 2023 til að koma á framfæri athugasemdum. Stefndi skilaði inn athugasemdum við skýrslu MAST 31. mars 2023. Í athugasemdum stefnda komu fram viðamiklar athugasemdir og þá einkum við þá aðferð sem beitt var við rannsóknina og niðurstöður hennar. Lokaskýrsla MAST barst stefnda svo rúmum mánuði síðar, n.tt. 8. maí 2023, þ.e. sama dag og hún var birt á heimasíðu MAST.

24. Á heimasíðu MAST sagði m.a. svo um efni skýrslunnar:

MAST telur að aflifun á hluta stórhvela við veiðar á Íslandi hafi tekið of langan tíma út frá meginmarkmiðum laga um velferð dýra. Stofnunin telur hins vegar að við veiðarnar hafi verið beitt bestu þekktu aðferðum miðað við þær aðstæður sem þessar veiðar eru stundaðar við og því hafi ákvæði um veiðar í lögum um velferð dýra ekki verið brotin.

MAST mun fela fagráði um velferð dýra að fara yfir fyrirbyggjandi gögn og meta hvort veiðar á stórhvelum geti yfir höfuð uppfyllt markmið laga um velferð dýra. Ef slíkt er talið mögulegt, þurfa stjórnvöld að setja reglugerð um framkvæmd veiðanna og lágmarkskröfur við þær.

Matvælastofnun telur þörf á áframhaldandi eftirliti á komandi vertíð. Vert er að taka fram að skv. gildandi veiðileyfi og lögum um velferð dýra er ábyrgð á að aflifun dýranna sé með ásættanlegum hætti ávallt á höndum framkvæmdaraðila.

25. Framangreint var rökstutt nánar í erindi MAST til ráðuneytisins í tilefni skýrslunnar, hvar stofnunin gerði grein fyrir niðurstöðum sínum en hún taldi að aflifun [hefði] tekið of langan tíma á hlutfalli af þeim dýrum sem voru veidd á veiðitímabilinu 2022 og [valdið] þeim dýrum meiri sársauka en ásættanlegt er ef horft er til markniða laganna skv. 1. gr., en hins vegar væri það mat stofnunarinnar að ákvæði 27. gr. laga um velferð dýra nr. 55/2013 um veiðar hafi ekki verið brotið. Þá taldi stofnunin þörf á áframhaldandi eftirliti á komandi vertíð.

26. Stefndi hefur lagt fyrir dóminn gögn þar sem fram koma svör þáverandi matvælaráðherra á Alþingi og opinberum vettvangi, eftir birtingu skýrslunnar, en þau hafi verið á sama veg, t.d. í ræðustól Alþingis, 8. maí 2023, að [l]eyfið sem þessi framkvæmdaraðilar [sic] [hefðu gildi] til ársins 2023, þ.e. til næstu áramóta og að það væri vandkvæðum háð að afturkalla leyfið sem nú [væri] í gildi. Í kvöldfréttatíma Ríkisútvarpsins sama dag sagði ráðherra að það þyrfti lagagrunn til að kippa þessu leyfi úr sambandi en sá lagagrunnur [væri] ekki fyrir hendi eftir því sem [hún væri] upplýst um í [sínu] ráðuneyti. Á opnum fundi atvinnuveganefndar Alþingis, 23. maí 2023, ítrekaði matvælaráðherra enn frekar fyrri afstöðu sína um afturköllun leyfis hvar hún sagði að eins og nefndarmenn [vissu] þá [væri] afturköllun leyfis íþyngjandi stjórnsvaldsákvörðun, sem [þyrfti] að hafa skýra lagastoð en [r]áðherrann [gæti] ekki gert neitt annað heldur en það sem þingið [hefði] ákveðið með lögum og væri sú lagastoð ekki fyrir hendi hér.

27. Stefndi greinir frá því að eftir að eftirlitsskýrsla MAST lá fyrir hafi engin samskipti átt sér stað milli stefnda og MAST og hafi hann haldið áfram að undirbúa næstu hvalvertíð sem hefjast átti 21. júní 2023. Þann 19. júní 2023 kveðst stefndi fyrst hafa orðið þess var og þá úr fjölmiðlum að fagráð um velferð dýra hefði yfirfarið eftirlitsskýrslu MAST og komist að þeirri niðurstöðu að við veiðar á stórhvelum [væri] ekki hægt að uppfylla þau skilyrði sem nauðsynleg [væru] til að tryggja velferð dýra við aflifun. Þann 20. júní 2023 kl. 11:25, eða degi áður en fyrirhuguð hvalvertíð átti að hefjast, að sögn stefnda að afloknum miklum og flóknum, þ. á m. kostnaðarfrekum, undirbúningi eðli málsins samkvæmt hafi stefndi fengið tölvuskeyti frá matvælaráðuneytinu þess efnis að fyrirhugað væri að takmarka veiðitíma langreyða á árinu 2023 en með skeytinu var sent álit fagráðs um velferð dýra frá 16. júní, sem birst hafði í fjölmiðlum 19. júní. Síðar sama dag hafi svo borist tilkynning um setningu reglugerðar nr. 642/2023. Samkvæmt 1. gr. reglugerðarinnar skyldu veiðar á árinu 2023 á langreyðum ekki hefjast fyrr en 1. september.

28. Í ljósi þessa tímabundna banns stjórnvalda við veiðum á langreyðum sendi stefndi tölvuskeyti 21. júní 2023, á nánar tilgreinda einstaklinga, þ. á m. stefnanda, þar sem greint var frá því að matvælaráðherra [hefði] þann 20. júní 2023, upp á sitt eindæmi og fyrirvaralaust, takmarkað veiðitímabil langreyða, þannig að þær [gætu] ekki hafist fyrr en fyrsta september 2023, samkvæmt því sem [segði] í ákvæði til bráðabirgða við reglugerð nr. 163/1973 um hvalveiðar, eins og henni [hafði] verið breytt af hálfu matvælaráðherra og að [v]egna framangreinds [væru] forsendur fyrirhugaðra ráðninga brostnar og ekki [gæti] orðið af þeim.

29. Verkalýðsfélag Akraness (VLFA) svaraði erindinu, fyrir hönd félagsmanna sinna, þ. á m. stefnanda, með erindi 23. júní 2023 þar sem fram kom m.a. að komið hafi verið á tímabundið ráðningarsamband milli félagsins og starfsmanna og að um það samband giltu almennar reglur vinnuréttar. Starfsmenn ættu þannig réttindi gagnvart [stefnda] og fyrirtækið [bæri] skyldur gagnvart starfsmönnum. Stefndi gæti ekki einhliða endað ráðningarsambandið án greiðslna og breytingar á reglugerð gæfu stefnda ekki rétt til að afnema réttindi starfsmanna.

30. Stefndi áréttaði framangreind sjónarmið sín með tölvuskeyti 29. júní 2023 og kvað ákvörðun ráðherra hafa komið stefnda í opna skjöldu og að forsendur fyrir hvalvertíð 2023, a.m.k. fram til 1. september 2023, væru brostnar og þar með forsendur fyrir fyrirhugaðri ráðningu. Þar fór stefndi yfir réttarstöðuna eins og hún blasti við honum en jafnframt að félagið hefði til skoðunar að bjóða þeim, sem áhuga hefðu á, ráðningu til starfa í Hvalfirði til loka ágústmánaðar það ár til að sinna ýmsum viðhaldsstörfum og skyldum störfum. Fór svo að fjöldi aðila þáði framangreint boð stefnda, þ. á m. stefnandi.

31. Lögmaður VLFA ítrekaði afstöðu félagsins í erindi 7. júlí 2023 sem svarað var á sömu lund með bréfi stefnda 27. s.m. Áður, eða 22. júní 2023, hafði VLFA sent erindi til matvælaráðherra, þar sem lýst var undrun yfir ákvörðun ráðherra sem hefði verið á skjön við fyrri upplýsingar og yfirlýsingar.

32. Eftir að hinu tímabundna banni lauk, og í kjölfar setningar sérstakrar reglugerðar um veiðar á langreyðum nr. 895/2023, hóf stefndi veiðar í september 2023 og stóðu veiðar fram í lok þess mánaðar, eða svo lengi sem veðurskilyrði buðu, en þegar líði á haust, upp úr mánaðamótum september/október, séu skilyrði til hvalveiða jafnan óhagfelld, ekki síst vegna birtuskilyrða og sjólags. Stefndi vann einnig hjá stefnda er tímabundna banninu lauk og til loka vertíðar og fékk greidd vertíðarlaun fyrir það tímabil samkvæmt sérstökum ráðningarsamningi sem hann gerði vegna þessa. Stefndi hefur hins vegar ekki talið sér skylt að greiða vertíðarlaun fram að þeim tíma, líkt og stefndi hefur krafist, sbr. mál þetta.

III. Málsástæður og lagarök stefnanda

33. Stefnandi reisir málatilbúnað sinn á því að ráðningarsamband hafi komist á milli stefnanda og stefnda. Það ráðningarsamband hafi verið tímabundið og miðað við hvalveiðivertíðina 2023, sem fyrirhugað var að hæfist 22. júní sama ár og stæði yfir í um þrjá mánuði. Þar af leiðandi hafi samningssambandið verið óuppsegjanlegt.

34. Stefnda hafi því verið óheimilt að segja stefnanda upp án bóta með bréfi 29. júní 2023. Að sama skapi hafi hvorki verið fyrir hendi skilyrði brostinna forsendna né 3. gr. laga nr. 19/1979. Því telur stefnandi að stefnda beri að greiða honum laun vegna hvalveiðitímabilsins 2023 í samræmi við það samkomulag sem var í gildi á milli aðila. Verði ekki fallist á aðalkröfu stefnanda byggir hann til vara á því að stefnda beri að greiða honum laun á uppsagnarfresti vegna tímabilsins frá 21. júní 2023 til 31. júlí 2023, í samræmi við ákvæði kjarasamnings og laga um hópuppsagnir nr. 63/2000.

Ráðningarsamband hafi verið komið á milli stefnanda og stefnda

35. Um stofnun ráðningarsambands fari eftir almennum reglum samningaréttarins. Þegar tilboð um starf hefur verið samþykkt hefur verið stofnað til ráðningarsambands. Um ráðningarsamninga gildi sú meginregla íslensks réttar að samningar séu óformbundnir. Ráðningarsamband geti þar af leiðandi stofnast með óformlegum hætti og er samningur sem stofnast hefur með slíkum hætti jafngildur skriflegum samningi.

36. Stefnandi hafi sent stefnda tölvupóst 10. apríl 2023 og lýst yfir áhuga á því að starfa hjá stefnda á hvalveiðitímabilinu 2023. Með vísan til eftirfarandi samskipta stefnanda og fjármála- stjóra og verkstjóra stefnda sé ljóst að aðilar hafi komist að samkomulagi um ráðningarsamband sem næði yfir hvalvertíðina 2023. Þá sé sömuleiðis ljóst af samskiptum aðila að gert var ráð fyrir því að stefnandi myndi mæta til starfa hjá stefnda við upphaf hvalveiðitímabilsins, 22. júní 2023. Framangreint hafi jafnframt verið venja í samskiptum aðila, en sami háttur hafi verið hafður á ráðningu árin á undan.

37. Allar athafnir stefnda hafi verið í samræmi við það ráðningarsamband sem stofnað hafði verið til. Stefni hefði þannig boðað stefnanda til vinnu 22. júní 2023. Samskipti og háttsemi aðila sem og venjur á hvalvertíð hafi leitt til þess að komist hafi á bindandi samkomulag milli aðila um vinnusamband á hvalvertíð 2023. Kominn hafi verið á samningur og stefnda því ekki verið heimilt að afturkalla tilboð sitt eftir að stefnandi hafði samþykkt það, sbr. 7. gr. laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa, nr. 7/1936.

38. Af samskiptum aðila og venjum á hvalvertíð hafi að sama skapi verið ljóst hvað fólst í samningi aðila og stefndi hafi enga fyrirvara gert um ráðninguna eða önnur atriði ráðningarsambandsins.

39. Þótt munnlegir og óformbundnir samningar séu jafngildir hvíli þó sú skylda á atvinnurekanda að gera skriflegan ráðningarsamning við starfsfólk. Bregðist hann skyldu sinni geti hann þó ekki komist undan skuldbindingum sínum. Samkvæmt ákvæði 1.13.1 í kjarasamningi Starfsgreinasambands Íslands (SGS) Samtaka atvinnulífsins (SA) og skal gera skriflegan ráðningarsamning við starfsmann eða staðfesta ráðningu skriflega, innan tveggja mánaða frá því að starfsmaður hefur störf. Það að skriflegur ráðningarsamningur hafi ekki verið gerður bendi þannig ekki til þess að til ráðningarsambands hafi ekki verið stofnað enda hafi atvinnurekendur talsvert svigrúm til þess að ganga frá slíkum samningi í kjölfar ráðningar. Sé þannig með engu móti unnt að gagnálykta út frá því að skriflegur ráðningarsamningur hafi ekki verið fyrir hendi heldur verði að líta til þeirra aðstæðna sem voru uppi og háttsemi aðila.

40. Loks er bent á að stefndi hafi, í erindi til starfsfólks, þ.m.t. stefnanda, borið fyrir sig bæði brostnar forsendur og 3. gr. laga nr. 19/1979. Forsenda þess að brostnar forsendur geti verið fyrir hendi sé að samningssamband hafi verið komið á. Hið sama gildi um 3. gr. laga nr. 19/1979, sem stefndi vísaði til, þar sem fjallað sé um þær aðstæður að vinna falli niður vegna hráefnisskorts eða ófyrirsjáanlegs áfalls í fiskiðjuverum eða við upp- og útskipunarvinnu. Hafi stefndi þannig einnig, með þessum hætti, viðurkennt í verki að stofnað hafi verið til ráðningarsambands. Í þessu samhengi gildi einu þó svo að í bréfi Hvals hf. sé greint á milli réttarstöðu þeirra sem höfðu undirritað ráðningarsamning og þeirra sem höfðu það ekki. Í báðum tilvikum hafi verið fyrir hendi ráðningarsamband.

Tímabundinn ráðningarsamningur – uppsögn sé óheimil

41. Í ráðningarsambandinu milli stefnanda og stefnda hafi falist tímabundinn ráðningarsamningur vegna hvalveiðivertíðarinnar 2023. Tímabundinn ráðningarsamningur vísi til ráðningar, þar sem lok samningsins ákvarðist af hlutlægum ástæðum, t.d. tiltekinni dagsetningu, lokum afmarkaðs verkefnis eða tilteknum aðstæðum, sbr. a-lið 1. mgr. 3. gr. laga um tímabundna ráðningu starfsmanna nr. 139/2003. Ljóst sé að stefnandi hafi verið ráðinn til þess að starfa á hvalveiðivertíðinni 2023 og var ráðning hans bundin við þá hlutlægu forsendu.

42. Meginreglan um tímabundna ráðningarsamninga sé að innan þess tíma sem ráðningin tekur til er ekki heimilt að slíta henni með uppsögn. Hafi stefnandi þar af leiðandi mátt búast við því

að vera í vinnu hjá stefnda uns ráðningartímanum lyki við enda hvalveiðitímabilsins, haustið 2023. Ef gera eigi undantekningu frá framangreindri meginreglu verði aðilar að semja sérstaklega um það og beri vinnuveitandi sönnunarbyrðina um tilvist slíks samkomulags. Ekkert slíkt samkomulag hafi komist á milli stefnanda og stefnda.

43. Af framangreindum ástæðum hafi stefnda verið óheimilt að slíta ráðningarsambandi aðila. Stefndi hafi verið bundinn af ráðningarsamningi sínum við stefnanda og hafi borið að efna skyldur sínar samkvæmt aðalefni hans og greiða stefnanda umsamin laun út hið umsamda tímabil.

Skilyrði brostinna forsendna ekki fyrir hendi

44. Vegna fullyrðinga stefnda í bréfum til stefnanda og annars starfsfólks 21. júní 2023 og 29. júní 2023 þykir stefnanda nauðsynlegt að fjalla jafnframt um þær ástæður sem stefndi hafi borið fyrir sig til réttlætningar slitum ráðningarsambands við stefnanda og annað starfsfólk. Hafi stefndi í þessum efnum fyrst og fremst reitt sig á regluna um brostnar forsendur.

45. Meginregla íslensks réttar sé að samninga beri að halda og efna eftir aðalefni þeirra. Af meginreglunni um skuldbindingargildi löggjerna leiðir að þegar samningur er kominn á getur aðili almennt ekki losnað undan skuldbindingum sínum. Aðalreglan er þannig sú að samningsaðilar bera sjálfir áhættuna af því að aðstæður breytist eða forsendur þeirra fyrir samningsgerð bresti.

46. Reglan um brostnar forsendur feli í sér undantekningu á framangreindum meginreglum og beri að túlka mjög þröngt. Reglan feli í sér að framkvæma verði hagsmunamat á því hvað sé sanngjörn og eðlileg niðurstaða, þ.e. hvorum samningsaðila standi nær að bera hallann af hinum brostnu forsendum. Í því mati komi ýmislegt til skoðunar, m.a. staða aðila og möguleikar þeirra á að sjá fyrir og hafa áhrif á forsendurnar.

47. Við mat á framangreindu sé m.a. lagt til grundvallar að ef samningsaðili mátti sjá fyrir þau atvik sem leiddu til þess að forsendur brustu, eða hafi séð þau sem nærtækan möguleika, geti hann ekki borið þær fyrir sig. Enn fremur sé litið til þess hvort samningsaðili sem vill bera fyrir sig brostnar forsendur hafi sjálfur valdið eða átt þátt í því að forsendur bresti eða að efndir verði erfiðar eða ómögulegar.

48. Það sé hlutverk atvinnurekanda að tryggja að hann hafi tilskilin leyfi til þess að stunda þá atvinnustarfsemi sem hann leggur fyrir sig. Atvinnurekstur sé í eðli sínu áhættusamur og slíkr

áhættu verði ekki varpað yfir á starfsmenn, enda hafi þeir ekki gengist við samskonar áhættu. Eðli hagsmunanna hafi þannig þýðingu enda sé ekki um að ræða tvo jafnsetta aðila. Ef fallist væri á að skilyrði brostinna forsendna væru til staðar væri fallist á að heimilt hafi verið að svipta stefnanda vinnu sumarið 2023, daginn áður en hann átti að hefja störf, bótalaust. Við hagsmunamat hafi einnig þýðingu að stefnandi hafði gripið til ýmissa ráðstafana til þess að geta starfað hjá stefnda á hvalvertíðinni. Þar á meðal hafði hann fengið leyfi frá sínu aðalstarfi, sett íbúðina sína á leigu og fleira. Fyrirvaralaus tilkynning stefnda hafi því valdið stefnanda umtalsverðu tjóni.

49. Það hafi ekki þýðingu í þessu samhengi að forsendur stefnda hafi brostið vegna reglugerðar ráðherra sem stefndi telur að hafi skort lagastoð og ekki verið í samræmi við meðalhóf. Telji stefndi að ábyrgð hvíli hjá íslenska ríkinu sé honum rétt að leita réttar síns gagnvart því í stað þess að velta ábyrgðinni af hinni meintu ólögmætu háttsemi á stefnanda og aðra starfsmenn sína. Hugsanlegar kröfur stefnda á hendur íslenska ríkinu breyti hins vegar engu um skyldur stefnda gagnvart stefnanda.

50. Stefnandi telur rétt að geta þess að skilyrði veiða og háttsemi stefnda hafði verið til skoðunar hjá stjórnvöldum um nokkra hríð. Hafi stefndi því mátt hafa leitt hugann að breyttum aðstæðum. Eftir sem áður hafi stefndi ekki upplýst stefnanda um þessa óvissuþætti í samræmi við trúnaðar- og tillitsskyldur í samningssamböndum. Stefnandi bjó þannig ekki yfir sömu upplýsingum og stefndi en einnig af þessum ástæðum standist ekki við sanngirnismat að varpa ábyrgðinni yfir á stefnanda.

Skilyrði 3. gr. laga nr. 19/1979 ekki fyrir hendi

51. Í erindi stefnda Hvals hf. til stefnanda, dags. 29. júní 2023, sé jafnframt vísað til 3. gr. laga um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla, nr. 19/1979.

52. Í ákvæðinu kemur fram að falli niður atvinna hjá atvinnurekanda, svo sem vegna þess að hráefni sé ekki fyrir hendi hjá fiskiðjuveri, upp- og útskipunarvinna sé ekki fyrir hendi hjá skipaafgreiðslu, fyrirtæki verði fyrir ófyrirsjáanlegu áfalli, svo sem vegna bruna eða skiptapa, yrði atvinnurekanda eigi gert að greiða bætur til launþega sinna, þó að vinna þeirra næmi eigi 130 klukkustundum á mánuði, enda misstu launþegar þá eigi uppsagnarrétt sinn meðan slíkt ástand varði.

53. Ákvæðið hafi fyrst verið fest í lög með lögum um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og rétt þess og fastra starfsmanna til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla, nr. 16/1958.

Í athugasemdum með ákvæðinu í frumvarpi komi fram að ákvæðinu sé ætlað að koma í veg fyrir ástæðulausar uppsagnir af hálfu atvinnurekanda, þegar vinna fellur niður af eðlilegum ástæðum.

54. Reglan feli, líkt og brostnar forsendur, í sér undantekningu frá því að samninga beri að halda og efna samkvæmt aðalefni þeirra. Enn fremur feli hún í sér undantekningu á þeirri meginreglu að áhættu í rekstri verði ekki fleytt yfir á starfsmenn fyrirtækis. Vegna þessa sé ekki unnt að ljá ákvæðinu víðtækari merkingu en leiðir af orðanna hljóðan og samræmist tilgangi ákvæðisins.

55. Ákvæðinu hafi þannig ljóslega ekki verið ætlað að taka til aðstæðna eins og í þessu máli, þar sem heimildir fyrirtækis til atvinnustarfsemi eru takmarkaðar með stjórnvaldsfyrirmælum, enda sé ekki unnt að líta á slíkt sem ófyrirsjáanlegt áfall. Rekstraraðilar geti ekki búist við að lögum um rekstrarumhverfi þeirra verði ekki breytt. Sé þannig ekki unnt að fella slík tilvik undir undantekningarákvæðið.

56. Til viðbótar sé markmið 3. gr. laga nr. 19/1979 ekki að veita vinnuveitanda heimild til þess að slíta ráðningarsambandi við starfsfólk, líkt og stefndi hafi gert. Þvert á móti sé markmið ákvæðisins að koma í veg fyrir ráðningarslit. Heimilar það vinnuveitanda ekki að slíta ráðningu og borga ekki laun heldur sé markmiðið að tryggja atvinnu enda þótt laun falli niður á afmörkuðu tímabili vegna óvænts áfalls. Það myndi þannig beinlínis ganga gegn tilgangi ákvæðisins að beita því í fyrirliggjandi aðstæðum.

57. Með sömu rökum og rakin hafa verið að framan geti almenn sjónarmið um force majeure ekki heldur átt við.

Um aðalkröfu

58. Aðalkrafa stefnanda miðar að því að gera hann eins settan og hann hefði verið ef hann hefði verið í vinnu á hvalvertíð 2023 og fengið laun á vertíðinni í samræmi við samningssamband aðila.

59. Tímabil hvalvertíðar hafi í gegnum árin öðlast fasta og skilgreinda merkingu enda hafi vertíðir ávallt hafist nokkurn veginn á sama tíma og þeim einnig lokið á sama tíma, með aðeins nokkurra daga skekkjumörkum. Hvalvertíð hafi þannig verið um og yfir þrír mánuðir í mörg undanfarin ár.

60. Mótmælir stefnandi þannig fullyrðingum stefnda í bréfi frá 29. júní 2023 þar sem fram komi að hvalveiðivertíðin miði við það tímamark sem hvalveiðar hefjast og að það geti verið háð ytri aðstæðum og gildistíma opinberra leyfa. Væri byggt á túlkun stefnda hefði það í för með sér að

vinnuveitandi hefði einhliða ákvörðunarvald um að breyta tímabili ráðningar starfsmanna verulega og starfsmenn væru í fullkominni óvissu um efni ráðningarsambandsins. Ljóst sé að slíkt fyrirkomulag væri óframkvæmanlegt jafnt sem það væri í verulegu ósamræmi bæði við meginreglur vinnuréttarins og samningaréttarins.

61. Stefnandi hafi verið ráðinn á hvalveiðivertíð sem fyrir lá að myndi hefjast í upphafi sumars 2023 og vara fram á haust. Síðar hafi verið slegið föstu að vertíðin skyldi hefjast 22. júní 2023. Telur stefnandi þannig rétt að miða við að upphafsdagur ráðningar hafi verið þann dag. Við afmörkun kröfu sinnar telur stefnandi rétt að miða við að hið tímabundna ráðningarsamband hafi átt að vara í um og yfir þrjá mánuði frá 22. júní 2023. Síðasta launatímabil á hvalvertíð klárast alltaf jafnvel þó að veiðum sé lokið og almennt taki nokkra daga að sinna frágangi eftir lok vertíðar. Af þeim sökum sé gerð krafa til 4. október 2023 þó að vertíð hafi klárast í lok september en framangreint sé í samræmi við raunverulegan vinnutíma stefnanda. Allt sé þetta þá í samræmi við hvalveiðivertíðir fyrri ára.

62. Fjárhæð kröfu stefnanda á hendur stefnda samanstendur af vangreiddum launum stefnda til stefnanda á tímabilinu frá 22. júní til 4. október 2023 að frádregnum greiðslum stefnda til stefnanda vegna vinnu frá 6. september til 4. október 2023. Fjárhæð launa tekur mið af umsömdum launum og hefðbundnu vaktaplani hvalvertíða. Vegna dagvinnu greiddust þannig 2.648 kr., álag nam 1.218 kr., yfirvinna 4.767 kr., greiðslur vegna aksturs 4.767 kr., greiðslur vegna frítökuréttar 11.917 kr. og greiðslur vegna vikulegs frídags 21.186 kr.

63. Við útreikning vinnutíma er tekið mið af fyrirkomulagi og vinnutíma stefnanda vegna vertíða fyrri ára. Samkvæmt þessu er miðað við að stefnandi hefði mætt í vinnu 22. júní 2023 og fengið átta dagvinnutíma og tvo yfirvinnutíma vegna vinnu umræddan dag. Vaktir hefðu svo verið settar á frá miðnætti aðfaranótt 23. júní 2023. Brælufrí hefðu verið tveir dagar samfelldir fyrir hverjar tvær vikur og vikulegir frídagar því einn. Frá og með 6. september 2023 er svo tekið mið af raunverulegu vinnuframlagi stefnanda.

64. Krafan sundurliðist með eftirfarandi hætti:

Greiðslur:	21.06-25.06	26.06-29.07	19.07-23.07	24.07-06.08	07.08-20.08	21.08-03.09	04.09-17.09	18.09-01.10	02.10-04.10
Daglauna	57.969 kr.	211.879 kr.	211.879 kr.	211.899 kr.	211.899 kr.	211.899 kr.	211.899 kr.	211.899 kr.	65.988 kr.
Vilvinnu	143.000 kr.	419.190 kr.	419.190 kr.	419.190 kr.	419.190 kr.	419.190 kr.	419.190 kr.	419.190 kr.	39.135 kr.
Álag (40%)	14.618 kr.	82.837 kr.	82.837 kr.	82.837 kr.	82.837 kr.	82.837 kr.	82.837 kr.	82.837 kr.	29.237 kr.
Frítökuréttar	35.751 kr.	143.005 kr.	143.005 kr.	143.005 kr.	143.005 kr.	143.005 kr.	143.005 kr.	143.005 kr.	35.751 kr.
Vikulegir frídagar	0 kr.	21.186 kr.	21.186 kr.	21.186 kr.	21.186 kr.	21.186 kr.	21.186 kr.	21.186 kr.	0 kr.
Akstur	14.501 kr.	28.602 kr.	28.602 kr.	28.602 kr.	28.602 kr.	28.602 kr.	28.602 kr.	28.602 kr.	14.501 kr.

Orðaf (0.17%)	26.597 kr	92.240 kr	92.240 kr	92.240 kr	92.240 kr	92.240 kr	92.240 kr	92.240 kr	92.240 kr
Samtals	287.145 kr	999.239 kr	999.239 kr	999.239 kr	999.239 kr	999.239 kr	999.239 kr	999.239 kr	999.239 kr
Samtals: 7.346.583 kr									

65. Samtals hefði stefnandi þannig fengið greiddar 7.346.583 kr. fyrir alla hvalvertíðina. Til frádráttar kröfunni komi þau laun sem stefndi greiddi stefnanda vegna vinnu á tímabilinu frá 6. september til 4. október 2023. Til frádráttar koma þannig 732.259 kr. 21. september 2023 vegna vinnu á tímabilinu 4.–17. september 2023, 851.182 kr. 5. október 2023 vegna vinnu á tímabilinu 18. september – 1. október 2023 og 199.388 kr. 19. október 2023 vegna vinnu á tímabilinu 1.–4. október 2023, alls 1.782.829 kr. Jafnframt koma til frádráttar laun sem stefnandi fékk greidd annars staðar frá vegna júlí og ágúst 2023, alls 1.458.421 kr.

66. Samtals gerir stefnandi því kröfu um greiðslu 4.105.332 kr. auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 2. september 2025 til greiðsludags.

Um varakröfu

67. Varakrafa stefnanda kemur aðeins til skoðunar ef fallist verður á að stefnanda hafi verið sagt upp störfum hjá stefnda með lögmætum hætti.

68. Stefnandi ber því við að ef litið verði svo á að honum hafi verið sagt upp með lögmætum hætti eigi hann rétt til greiðslu launa á uppsagnarfresti samkvæmt kjarasamningi SGS og SA, sbr. og ákvæði 1. gr. laga um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda nr. 55/1980 og 7. gr. laga um stéttarfélag og vinnudeilur nr. 80/1938.

69. Samkvæmt ákvæði 12.2 í kjarasamningi SGS og SA er uppsagnarfrestur einn mánuður miðað við mánaðamót eftir þriggja mánaða samfelldt starf hjá sama atvinnurekanda. Samkvæmt ákvæði 12.6.1 haldast áunnin réttindi við endurráðningu innan eins árs. Stefnandi vísar til þess að hann hafi starfað hjá stefnda á hvalvertíðinni 2022 sem hafi staðið yfir frá 22. júní 2022 til 28. september 2022. Hafi stefnandi þá áunnið sér mánaðar uppsagnarfrest. Stefnandi hafi ráðið sig til vinnu innan árs frá lokum hvalveiðitímabilsins og haldið þannig áunnum uppsagnarfresti. Krafa stefnanda sé þar af leiðandi um laun á uppsagnarfresti.

70. Uppsagnarfrestur miði við mánaðamót en uppsagnarbréf stefnda hafi borist honum 29. júní 2023. Sé þannig gerð krafa um laun á uppsagnarfresti vegna tímabilsins frá 22. júní 2023 til 31. júlí 2023.

71. Framangreind krafa sæki sér jafnframt stoð í lög um hópuppsagnir nr. 63/2000. Með aðgerðum sínum hafi stefndi raunar sagt upp tæplega 200 starfsmanna sinna. Uppsagnirnar verði ekki raktar til ástæðna sem tengjast starfsfólkinu og sé því ljóst að um ræði hópuppsögn í skilningi 1. gr. laga um hópuppsagnir, nr. 63/2000. Ágreiningslaust megi vera með aðilum að stefndi hafi ekki fylgt fyrirmælum laga um hópuppsagnir þegar ráðningarsamningi stefnanda hafi verið sagt upp. Raunar hafi uppsögn ekki átt sér stað með lögmætum hætti fyrr en að loknu samráði eins og hafi verið slegið föstu í dómaframkvæmd Evrópudómstólsins. Hafi stefnda þannig í hið minnsta borið, í samræmi við 9. gr. laganna og fyrrnefnd ákvæði kjarasamnings stefnanda, að greiða stefnanda laun á uppsagnarfresti vegna tímabilsins frá 22. júní 2023 til 31. júlí 2023.

72. Útreikningur varakröfu stefnanda tekur mið af sömu forsendum og útreikningur aðalkröfu hans, þ.e. miðað er við umsamin laun og vinnutími áætlaður miðað við vertíð 2022. Til frádráttar komi laun sem hann fékk greidd annars staðar frá vegna júlí 2023, alls 727.502 kr.

73. Varakrafa stefnanda sundurliðast með eftirfarandi hætti:

22. júní – 25. júní 2023	287.148 kr.
26. júní – 9. júlí 2023	999.219 kr.
10. júlí – 23. júlí 2023	999.219 kr.
24. júlí – 31. júlí 2023	570.982 kr.
Frádráttur vegna launa annars staðar frá	727.502 kr.
Samtals:	2.129.066 kr.

74. Samtals gerir stefnandi því kröfu um greiðslu 2.129.066 kr., (misritun í samlagningu í stefnu máls) auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 2. september 2025 til greiðsludags.

IV. Málsástæður og lagarök stefnda

75. Sakarefni málsins hverfist um hvort stefnandi eigi rétt á fullum vertíðarlaunum, líkt og hann byggir á, ellegar út uppsagnarfrest samkvæmt varakröfu.

76. Stefndi mótmælir öllum málsástæðum stefnanda, þ. á m. varðandi túlkun laga og reglna. Ekki er hins vegar gerður ágreiningur um tölulega útreikninga dómkrafna, samkvæmt þeim forsendum sem þeir byggja á. Þá er ekki gerður ágreiningur um upphafstíma dráttarvaxta. Jafnframt liggur fyrir að stefnandi, þ. á m. fyrir tilstuðlan síns stéttarfélags, hefur haldið meintum rétti til haga.

Enginn samningur komst á

77. Stefndi byggir á því að ekki hafi komist á skuldbindandi ráðningarsamningur milli málsaðila, með þeim hætti sem stefnandi byggir á. Stefndi vísar til þess að stefnandi hafi ekki skrifað undir ráðningarsamning líkt og tíðkist þegar stofnað sé til tímabundinna ráðningarsambanda hjá stefnda í Hvalfirði. Stefndi hafi aldrei skuldbundið sig til að ráða stefnanda í vinnu. Það sé hvort tveggja rangt og ósannað að stefnandi hafi fengið *staðfestingu frá stefnda*, eða því um líkt, um stofnun ráðningarsambands. Stofnun, þ. á m. gildistaka, ráðningarsambands hafi þvert á móti, og eðli máls samkvæmt líkt og alltaf, þvert á það sem stefnandi staðhæfir, verið bundið því skilyrði/fyrirvara og háð þeirri forsendu að til hvalveiða kæmi, enda væri starf stefnanda, kæmi til þess, órjúfanlega tengt hvalveiðum. Hvorki árið 2023, né fyrri vertíðir, hafi stofnun ráðningarsambanda verið með þeim hætti sem stefnandi virðist telja, sbr. m.a. meintar venjur sem séu rangar og ósannaðar. Hvalvertíð, og þar með stofnun ráðningarsambands vegna þess, miðist við tímabil frá því hvalveiðar hefjist, en vertíðarlaun byrji í tengslum við komu fyrsta hvals í land, og þar til þeim lýkur, sem m.a. getur verið háð ytri aðstæðum og gildistíma opinberra leyfa til veiða og vinnslu. Framangreint endurspeglar glögglega í samskiptum stefnanda og stefnda um að aðilar, þ. á m. stefnandi, hafi verið þess fullmeðvitaðir að stofnun ráðningarsambands væri háð því að af hvalvertíð yrði. Framangreint endurspeglar einnig í samskiptum við vaktstjóra þann 20. júní.

78. Stefndi hefur aldrei í *verki* viðurkennt að ráðningarsamband hafi stofnast, líkt og stefnandi ámalgi í fyrsta sinn í *efnisgrein 35* í stefnu, hvar stefnandi afbaki erindi stefnda frá 29. júní 2023. Í erindi stefnda þann 29. júní, rétt eins og þann 21. júní, hafi verið gert kirfilega ljóst, þ. á m. í upphafi erindis, að vegna ákvörðunar ráðherra gæti ekki orðið af stofnun *fyrirhugaðs* ráðningarsambands, þ.e. að forsendur fyrir stofnun þess væru brostnar. Í framhaldi hafi verið gerð grein fyrir þeirri afstöðu VLFA að stofnast hefði til ráðningarsambands sem stefndi féllst hins vegar ekki á. Í lok bréfsins hafi í samræmi við það jafnframt verið tiltekið sérstaklega að stefndi hefði *til skoðunar* að bjóða ráðningarsamband. Af erindum frá VLFA hafi mátt ráða skýrt að stefnanda hafi verið þessi afstaða stefnda ljós. Hvorki stefnandi né aðrir í sambærilegri stöðu hafi enda mætt til vinnu að fenginni framangreindri afstöðu stefnda.

79. Stefndi vísar jafnframt sérstaklega til þess að stefnandi hafi aldrei boðið fram vinnuframlag sitt til samræmis við efni meints ráðningarsambands sem hann telur hafa stofnast sem standi þá þegar málatilbúnaði hans og kröfum í vegi.

Hafi samningur komist á

80. Verði, þvert á framangreint, litið svo á að stofnast hafi til ráðningarsambands, telur stefndi kröfur stefnanda ekki eiga sér lagalegan grundvöll.

81. Stefndi vísar til þess að samkvæmt 3. gr. laga nr. 19/1979 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla falli niður atvinna hjá atvinnurekanda, svo sem vegna þess að hráefni er ekki fyrir hendi hjá fiskiðjuveri, upp- og útskipunarvinna er ekki fyrir hendi hjá skipaafgreiðslu, fyrirtæki verður fyrir ófyrirsjáanlegu áfalli, svo sem vegna bruna eða skiptapa, og verður atvinnurekanda þá eigi gert að greiða bætur til launþega sinna, þó að vinna þeirra nemi eigi 130 klukkustundum á mánuði, enda missa launþegar þá eigi uppsagnarrétt sinn meðan slíkt ástand varir. Stefndi byggir á því að skilyrði ákvæðisins séu uppfyllt að virtum atvikum máls, þ. á m. þeirri staðreynd að af setningu reglugerðarinnar hafi leitt að tímabundið bann var sett við veiðum stefnda, fyrirvaralaust með tilheyrandi aflabresti og um leið tekjufalli, líkt og endurspeglar nánar í framlögðum útreikningum Deloitte ehf. um tekjufall stefnda vegna þessa á hvalvertíð 2023. Svo sem minnisblað Deloitte ehf. beri með sér, og leiðir af sjálfu, þá leiddi af banninu að veiddar langreyðar, og um leið fénýting þeirra, voru til muna færri en ella hefði verið (24 í stað að jafnaði um 150), auk þess sem á sama tíma og tekjusamdráttur varð hjá stefnda vegna bannsins hafi stefndi þurft að bera tiltekinn rekstrarkostnað, þ. á m. fastan, svo sem vegna reksturs hvalveiðiskipa og starfsstöðva í Hvalfirði og Hafnarfirði, án þess að tekjur kæmu á móti.

82. Samkvæmt minnisblaðinu sé tjón stefnda vegna tímabundna bannsins metið um 1.039 m.kr., en til viðbótar komi um 1 ma.kr. yrði fallist á að stefnda bæri að greiða full vertíðarlaun öllum þeim sem voru í sömu eða svipaðri stöðu og stefnandi. Stefndi bendir jafnframt sérstaklega á að bannið hafi verið ófyrirséð en þess utan séu ófyrirséð ytri atvik ekki skilyrði fyrir beitingu ákvæðisins. Vísist jafnframt til umfjöllunar í næstu málsgreinum að breyttu breytanda.

83. Stefndi byggir jafnframt á því að framangreint ákvæði eigi við samkvæmt löggjöfnun, falli stefnandi ekki undir það, enda skilyrði löggjöfnunar um efnislegan sambærileika og hallkvæmni og haganleika reglu sem fundin sé með löggjöfnun fullnægt. Yrðu atvik máls ekki talin falla undir ákvæðið byggir stefndi jafnframt á því að skilyrði löggjöfnunar séu uppfyllt hvað þau varðar, þ. á m. um efnislegan sambærileika og haganleika og hallkvæmni reglu sem fundin er með löggjöfnun.

84. Stefndi vísar jafnframt til þess að fyrir hendi hafi verið óviðráðanleg ytri atvik (force majeure). Efnislegt inntak reglunnar um force majeure sé að ófyrirséð, óviðráðanleg ytri atvik sem séu sérstök í eðli sínu og valdi því að ómögulegt, eða því sem næst, sé að efna samnings-skuldbindingu eigi að hafa áhrif á efndaskyldu eða það hvort eða hvaða vanefndaúrræðum megi

beita. Stefndi byggir á því að skilyrði reglunnar teljist uppfyllt. Setning stjórnvaldsfyrirmællanna hafi verið ófyrirséð og raskaði forsendum samningssambandsins, enda leiddi af ákvörðun ráðherra tímabundið bann við veiðum með tilheyrandi aflabresti og um leið tekjufalli, sbr. umfjöllun í næstu málsgreinum á undan, að breyttu breytanda. Með sömu rökum telur stefndi ljóst að skilyrðum ólögfestrar meginreglu samningaréttar um brostnar forsendur sé fullnægt. Þá leiði 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa með sömu rökum til sömu niðurstöðu, enda ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera meintan ráðningarsamning fyrir sig að virtum atvikum sem síðar komu til í skilningi ákvæðisins, þ.e. ákvörðun ráðherra í formi stjórnvaldsfyrirmæla um tímabundið bann við veiðum með þeim afleiðingum sem af því leiddi. Efni meints ráðningarsamnings sé um leið ósanngjarnt eigi hann að halda gildi sínu, eins og ekkert hafi í skorist. Því sé um leið mótmælt að atburðarásin hafi getað talist fyrirséð, enda í engu samræmi við orð og athafnir MAST og matvælaráðherra í undanfara setningar reglugerðarinnar, sbr. að framan, heldur hafi verið um fordæmalaus stjórnvaldsathöfn að ræða, þvert m.a. á réttmætar væntingar og stjórnarskrárvarin réttindi stefnda. Hafi stefnda ekki verið um að kenna og öll tilskilin leyfi verið til staðar. Stefnanda sé því rétt að sækja bætur á hendur íslenska ríkinu telji hann sig bera skarðan hlut frá borði.

85. Stefndi byggir jafnframt á því að það hafi verið forsenda ráðningarsamnings, hafi hann komist á, og þar með hluti hans, að réttur stefnanda til fullra vertíðarlauna væri háður því að hvalveiðar færu fram, en vertíðargreiðslur hefjist fyrst í tengslum við komu fyrsta hvals í land.

86. Stefndi vísar einnig til þess að hvalvertíð, sem hafi átt að byrja í júní, hafi í reynd lokið með ákvörðun ráðherra og þar með meintri tímabundinni ráðningu stefnanda, en ráðningarsambönd í gegnum tíðina, þ. á m. gagnvart stefnanda 2022, hafi verið með þeim hætti að þeim ljúki við lok hvalvertíðar, og ætti það sama þá við hér, sbr. einnig forsendukenningar samningaréttar og venju, sem standi þá þegar kröfum stefnanda í vegi. Verði ekki annað séð en að stefnandi líti svo á að meintur ráðningarsamningur sem hafi stofnast hafi verið sama efnis og áður, sbr. m.a. tilvísun til venju, og öðru ekki borið við.

87. Stefndi vísar jafnframt til þess, hvað sem öðru líður, að hafi stofnast til ráðningarsambands á annað borð, þá hafi stefndi sagt því upp með tilkynningu 29. júní 2023. Stefnandi, í ljósi þess að hann hafi unnið á hvalvertíð á árinu áður, þ.e. 2022, eigi þá, að hámarki, og enda sé ekki fallist á framangreindar mótbáru, kjarasamningsbundinn rétt til launa í einn mánuð miðað við mánaðamót, þ.e. vegna júlímánaðar, líkt og felist í varakröfu stefnanda. Ekki verði séð að stefnandi beri bríður á lögmæti uppsagnarinnar sem slíkrar, og þá a.m.k. ekki með þeim hætti að slíkt eigi að leiða til þess að horft sé framhjá henni. Hvað sem því líði, þá bendir stefndi á að

ástæða þess að fyrirmælum laga nr. 63/2000 um hópuppsagnir hafi ekki verið fylgt út í hörgul hafi eðli málsins samkvæmt verið sú að stefndi taldi að ekki hefði stofnast til ráðningarsambands yfir höfuð, engum trúnaðarmanni verið til að dreifa o.s.frv. Þá hafi aðstæður verið fordæmalausar, og stefndi þurft eðli máls samkvæmt að bregðast hratt við til að takmarka tjón sitt eftir föngum, og verði ekki séð að lögin nái til eða séu hugsuð fyrir aðstæður sem þessar. Þá leiði einnig af gildandi kjarasamningi að það teljist ekki til hópuppsagna þegar starfslok verða samkvæmt ráðningarsamningum sem gerðir eru til ákveðins tíma eða vegna sérstakra verkefna. Telur stefndi, þegar litið er á aðstæður í heild og þá óvissu sem ríkti á þeim tíma, að uppsagnir stefnda hafi verið lögmætar en ella sé að hámarki miðað við einn mánuð samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laganna sem er sami uppsagnarfrestur og samkvæmt kjarasamningi.

88. Stefndi hafnar þá þeirri viðbáru stefnanda að stofnast hafi til tímabundins ráðningarsambands sem hafi verið óuppseggjanlegt. Vísar stefndi til þess að samkvæmt eldri ráðningarsamningum, þ. á m. gagnvart stefnanda sjálfum, hafi alltaf verið gagnkvæmur uppsagnarfrestur á starfstíma samkvæmt kjarasamningi. Sama hafi gegnt um þann ráðningarsamning sem stofnað hafi verið til sérstaklega í september 2023 vegna vertíðarinnar sem hófst þá.

89. Framangreint eigi þá líka við um meint ráðningarsamband, sbr. einnig forsendukenningu samningaréttar og venju, sbr. einnig fyrri málátilbúnað stefnanda þess efnis að *[a]f samskiptum aðila og venjum á hvalvertíð hafi ... verið ljóst hvað fólst í samningi aðila og stefndi hafi enga fyrirvara gert um ráðninguna eða önnur atriði ráðningarsambandsins*. Hefði stefndi heldur aldrei tekið annað í mál og ljóst að stefnanda hafi ekki getað dulist það. Samkvæmt samningsformi því sem átti að leggja til grundvallar á hvalvertíð 2023 hafi jafnframt verið gert sérstaklega ráð fyrir þessu líkt og alltaf hafi verið. Stefndandi geti þannig ekki bæði haldið og sleppt.

V. Niðurstaða

Almennt

90. Eins og rakið er hér að framan byggir starfsemi stefnda, þ.e. veiðar stefnda í gegnum árin, á lögum. Jafnframt liggur fyrir og er ágreiningslaust að þegar stefndi hófst handa við að undirbúa hvalvertíð á vordögum 2023 hafði hann til þess fullgild leyfi, sbr. framlagt leyfi stefnda til veiða á langreyði árin 2019–2023, útgefið 5. júlí 2019, með tilvísun í 1. gr. laga nr. 26/1949 um hvalveiðar með síðari breytingum. Ekkert bendir til þess að teikn hafi þá verið á lofti um að stjórnvöld myndu koma í veg fyrir veiðar það sumarið með ákvörðun sem tekin var degi áður en vertíðin skyldi hefjast og undirbúningi fyrir hana að langmestu leyti lokið. Skýrsla MATÍS um eftirlit með hvalveiðum sem byggðu á reglugerð nr. 917/2022 kom út 8. maí 2023, eða einhverju eftir

að undirbúningur stefnda fyrir hvalvertíð hófst, og þrátt fyrir umræður, m.a. á Alþingi, þar sem réttmæti veiðanna var í einhverjum mæli dregið í efa, verður ekki annað ráðið en að ráðherra málaflokksins hafi allt fram til þess að reglugerð nr. 642/2023 um breytingu á reglugerð nr. 163/1973 um hvalveiðar leit dagsins ljós gefið eindregið til kynna að ekki væru forsendur til að stöðva eða takmarka fyrirhugaðar hvalveiðar. Ekki er í máli þessu þörf á að kveða upp úr um lögmæti þessara aðgerða stjórnvalda og áhrif þeirra á mögulegan bótarétt aðila gagnvart íslenska ríkinu, heldur skiptir þessi aðdragandi málsins máli við mat á því hvort stefndi hafi haft ástæðu til að slá sérstaka varnagla fyrir þessa hvalvertíð frekar en aðrar og hafa jafnvel einhverja fyrirvara á gagnvart því fólki sem til stóð að kæmi til starfa. Dómurinn telur með vísan til framangreindrar umfjöllunar um atvik málsins og framlagðra gagna að ekkert hafi gefið tilefni til slíks og líta verði svo á að stefndi hafi, líkt og þeir launþegar sem væntu þess, sbr. framangreint að hafa atvinnu og talsverða búbót af hvalvertíð 2023, verið allt til síðasta dags í góðri trú um að af vertíðinni yrði.

91. Því verður að hafna þeirri málsástæðu stefnda að það hafi verið forsenda þess að gengið var til samninga við stefnanda eða aðra í sömu eða sambærilegri stöðu sem gerðu ráð fyrir því að starfa hjá stefnda á hvalvertíð 2023 að af vertíðinni yrði, þegar af þeirri ástæðu að slík forsenda var hvergi orðuð og hvorugur aðila gerði, að því er virðist með réttu, ráð fyrir því að til slíks gæti komið. Sú staðreynd að ekki varð síðan úr hvalvertíð sumarið 2023 vegna stjórnvaldsákvörðunar sem kom miðað við gögn málsins afar óvænt getur því m.ö.o. ekki haft áhrif við mat á skuldbindingargildi samningsins í öndverðu heldur kemur þá til skoðunar út frá reglum samningaréttar á grundvelli sjónarmiða um brostnar forsendur, sbr. síðar, og varðandi réttaráhrif samnings aðila.

92. Að mati dómsins verður þannig að líta svo á að ráðningarsamningur á milli atvinnuveitanda og launþega teljist í samræmi við meginreglur samninga- og vinnuréttar kominn á þegar tilboð, hvort sem er frá vinnuveitanda eða launþega, um ákveðna og nokkuð skilgreinda atvinnu hefur verið samþykkt af móttakanda tilboðsins en munnlegur samningur er hér jafngildur skriflegum. Oftar en ekki liggur þetta frumskilyrði ráðningarsamnings fyrir nokkru áður en launþegi mætir til starfa og því á, eðli máls samkvæmt, oft eftir að ganga frá ýmsum atriðum varðandi réttindi og skyldur aðila. Verður að ganga út frá því að þegar slíkum frágangi er ólokið þegar til þess kemur að hefja á störf en ekki getur orðið af því líkt og í framangreindum málum beri að jafnaði að miða við þau réttindi og skyldur sem sannanlega voru í boði, þ.m.t. launakjör. Því sé óhjákvæmilegt almennt að t.a.m. uppsagnarfrestur sem launþega hefði verið tryggður ef hann hefði hafið störf verði virtur. Ef aðilar eru ekki sammála um raunveruleg kjör og þeim sem heldur betri rétti fram tekst ekki slík sönnun verður allt að einu að líta svo á að aðilum sé alla jafnan tryggður lágmarksréttur eftir lögum og kjarasamningum þótt ekki komi til þess að atvinna á

grundvelli ráðningarsamningsins hefjist. Eðli máls samkvæmt er undir slíkum kringumstæðum oftast um möguleg réttindi launþegans að ræða fremur en vinnuveitanda. Líta verður svo á að vinnuveitandi og launþegi hafi almennt séð frelsi til að semja um kaup og kjör. Í meginreglunni um frelsi til samninga felst að jafnaði frelsi til að ákveða hvort samningur verði gerður, hvenær, við hvern og hvers efnis. Þessari meginreglu eru þó settar skorður af ýmsum toga. Sú grundvallarregla gildir þannig í vinnurétti að ekki verður samið við launþega um lakari kjör en kjarasamningur hans tryggir honum. Sú meginregla var lögfest í 7. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Kjarasamningar eru þannig jafnan samningar um lágmarkskjör og óheimilt er að semja um lakari kjör en þeir tilgreina. Kemur þetta nú skýrt fram í 1. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launþega o.fl. sem kveður á um að ráðningarsamningar einstakra launamanna við atvinnurekendur sem kveða á um lakari kjör en hinir almennu kjarasamningar skulu ógildir.

93. Í öllum framangreindum málum hafa stefnendur byggt á því aðallega að stefnda beri að greiða þeim laun er samsvari því að ekkert hafi í skorist, að líta beri svo á að tímabundinn og óuppsegjanlegur samningur hafi stofnast í öllum tilvikum sem feli í sér að stefnda beri að greiða laun að fullu til samræmis við að hvalvertíð hefði allt að einu hafist og henni verið að fullu lokið á þeim u.þ.b. 100 dögum sem yfirleitt sé miðað við. Meginreglan er eðli máls samkvæmt sú að tímabundnum samningi er ætlað að gilda í ákveðinn tíma og þá oftast en ekki bundið við tiltekið og afmarkað verk og/eða tímabil. Hins vegar er ekkert sem girðir fyrir, og einnig í ráðningar-samningum, að þótt um slíkt sé að ræða og endamörk slíks samnings séu ákveðin og fyrirséð, að allt að einu sé samið um heimild, eftir atvikum gagnkvæma, til að segja upp slíkum samningi á tímabilinu. Af þeim samningum sem lagðir hafa verið fram í málinu og gerðir eru sérstaklega við starfsmenn stefnda í landi hefur verið gert ráð fyrir slíkum uppsagnarfresti. Í 2. gr. í samningum sem bera yfirskriftina „Tímabundinn ráðningarsamningur“ segir þannig efnislega að starfsmaður sé ráðinn tímabundið til starfa í Hvalstöðinni í Hvalfirði á komandi hvalvertíð og ljúki ráðningu án uppsagnar. Hvalvertíð teljist lokið þegar lokið sé vinnslu afurða úr síðasta hvalnum. Þá segir í beinu framhaldi: *Án tillits til framangreinds er gagnkvæmur uppsagnarfrestur á starfstímanum skv. kjarasamningi.* Burt séð frá áhrifum annarra málsástæðna stefnenda í einstökum málum, sbr. eftirgreint, verður að miða við, sbr. og sjónarmið í lið 92 hér að framan, að launþegar í landi hafi almennt ekki mátt vænta þess að þótt komist hafi á samningur við stefnda um vinnu á hvalvertíð hafi slíkur falið í sér óafturkræfan rétt til að fá laun eins og ef af fallalausri hvalvertíð hefði orðið, þótt aldrei yrði haldið til veiða eins og raunin varð og ekkert vinnuframlag launþegans komið til.

94. Ekki er hægt að fallast á að stefnendur í framangreindum málum geti krafist réttinda sér til handa eins og þeir hefðu ekki þurft að undirgangast framangreinda samninga þegar til hefði komið heldur notið frekari réttinda. Ef fallist er á að í öllum framangreindum tilfellum hafi komist á ráðningarsamningur verður því jafnframt slegið föstu að stefnendur hafi ekki haft réttmæta ástæðu til að vænta annars en að þurfa að undirgangast þau kjör, þ.m.t. réttindi og skyldur, sem gilt höfðu samkvæmt ráðningarsamningum stefnda. Ekki er hægt að miða við að stefnendur hafi við samþykki tilboðs um atvinnu hjá stefnda því öðlast réttindi sem hefði veitt þeim kjör sem miðað við gögn málsins hefðu aldrei boðist. Á þetta bæði við um starfsmenn sem höfðu áður starfað á vertíð og þekktu þessa samninga en einnig starfsmenn sem voru að koma til starfa á sína fyrstu vertíð. Skiptir hér engu þótt upplýst hafi verið að til þess hafi varla komið í gegnum tíðina að umrætt uppsagnarákvæði hefði verið nýtt. Afar fátítt væri að starfsmenn væru reknir úr starfi og það gerðist einungis vegna alvarlegra brota. Eðli máls samkvæmt verður umræddu ákvæði ekki beitt þegar vel gengur og vertíð í fullum gangi en samningsaðilar hafa þó undirgengist það í gegnum tíðina.

Staða stefnanda – uppsagnarfrestur

95. Ágreiningslaust er að stefndi réðst á vormánuðum 2023 í umfangsmikið ráðningarferli líkt og jafnan þegar í vændum er hvalvertíð það sumarið. Fyrirhugað var að veiðarnar myndu hefjast 21. júní 2023 og var starfsfólki skipt á tvær vaktir, Nonnavakt sem átti að hefja störf 21. júní það ár og Sæmavakt sem átti að byrja degi síðar.

96. Þá er ekki ágreiningur um að stefnandi hefur frá árinu 2010 reglulega ráðið sig til vinnu hjá stefnda yfir hvalveiðivertíðina. Stefnandi hefur þannig starfað hjá stefnda sjö vertíðir, þ.e. árin 2010, 2013, 2014, 2015, 2018, 2022 og 2023. Þótt stefndi byggji á því að ekki hafi komist á ráðningarsamningur er ekki sjáanlegur ágreiningur um að fyrirkomulagið hafi almennt verið með þeim hætti að stefnandi hafi, þegar vertíð var í vændum, upplýst stefnda um að hann hefði áhuga á að starfa á komandi vertíð og hefði í kjölfarið fengið staðfestingu frá stefnda um að hann væri velkominn til starfa. Í aðdraganda vertíðar hafi svo verið haft samband við stefnanda símleiðis og honum tilkynnt um upphafsdag vertíðar.

97. Sami háttur sýnist hafa verið hafður á vegna vertíðarinnar 2023. Fyrir liggur tölvuskeyti stefnanda til stefnda 10. apríl 2023, þar sem stefnandi falast eftir vinnu, sbr. framangreint, og svar frá fjármálastjóra sem ekki verður skilið öðruvísi en samþykki þótt tekið hafi verið fram að ekki væri þá vitað um upphafsdag vertíðar. Þá liggja fyrir gögn um samskipti stefnanda við verkstjóra sinn á Sæmavakt þar sem augljóst er að forsvarsmenn stefnda gerðu ráð fyrir starfskröftum stefnanda á vertíðinni. Lokaskilaboðin frá Sæmundi Rúnari Þorgeirssyni voru í samræmi við

Þetta: Þá er þetta komið á hreint, mæting kl. 13:00 á fimmtudag 22. júní. Fer eftir veiði hvenær fyrsta vakt er. Eðli máls samkvæmt gerði stefnandi ráðstafanir í samræmi við framangreint til að tryggja að hann gæti staðið við sinn hluta samkomulagsins. Stefnandi gengst við því að hafa síðan mótttekið tölvuskeyti frá stefnda 21. júní líkt og annað starfsfólk. Þar kom fram að mat-vælaráðherra hefði takmarkað veiðitímabil langreyða, þannig að það gæti ekki hafist fyrr en 1. september 2023. Stefndi sagði að af þessum sökum væru forsendur fyrirhugaðra ráðninga brostnar og ekki gæti orðið af þeim. Þessi afstaða var áréttuð í skeyti 29. júní 2023 þar sem ekki gæti orðið af fyrirhugaðri ráðningu og efndaskylda stefnda þar með fallin niður. Til vara var þó tekið fram að hefði ráðningarsamningur komist á væri honum þar með sagt upp með viðeigandi uppsagnarfresti samkvæmt kjarasamningi.

98. Með vísan til framangreinds og umfjöllunar í liðum 90–94 hér að framan verður fallist á með stefnanda að með aðilum hafi komist á tímabundinn ráðningarsamningur. Ef ekkert samningssamband hefði stofnast á milli aðila hefði stefndi strangt til tekið ekki þurft, miðað við hans málatilbúnað, að grípa til neinna ráðstafana eftir að hann móttók tilkynningu um að vertíðin hefði verið blásin af. Athafnir stefnda í kjölfarið benda þvert á móti eindregið til þess, ásamt framangreindu, að félagið hafi litið svo á, og það með réttu að mati dómsins, að skuldbinding hafi stofnast. Við blasir hins vegar að ekkert varð af þeirri vertíð sem umræddur samningur byggði á og því kom ekki til þess að undir formlegan ráðningarsamning yrði skrifað líkt og ágreiningslaust virðist vera með aðilum að hafi jafnan verið gert eftir að eða um það bil er vertíð hófst í raun og fyrsti hvalurinn kom á land. Lagarök standa ekki til þess að við svo búíð hafi stefnandi eignast kröfu um fullar efndir eins og ekkert hefði í skorist án þess að til mótframlags hans sjálfs kæmi, sbr. umfjöllun í liðum 93 og 94 hér að framan. Er því óhjákvæmilegt að sýkna stefnda af aðalkröfu stefnanda sem miðast við fullar efndir miðað við fullnaða hvalvertíð.

99. Á hinn bóginn var stefnanda, sbr. framangreint, að mati dómsins tryggður sá lágmarksréttur við uppsögn sem hann naut samkvæmt kjarasamningi. Á það við hvort sem litið er til þess ákvæðis sem hann hefði undirgengist ef af vertíð hefði orðið, sbr. framangreint, en einnig samkvæmt almennum reglum vinnuréttar.

100. Með vísan til framangreinds er í raun þarflaust að fjalla hér um þá málsástæðu stefnanda að lög um hópuppsagnir nr. 63/2000 leiði til sömu niðurstöðu, þ.e. að tryggja stefnanda þau laun sem fallist er á að hann eigi að njóta á uppsagnarfresti í samræmi við varakröfu hans, sbr. 8. gr. laganna. Þessi málsástæða gæti þó haft þýðingu ef litið væri svo á að uppsagnarfrestur samkvæmt kjarasamningi væri styttri, dómurinn telur hins vegar að lögin eigi ekki við í þeim aðstæðum sem

uppi voru í starfsemi stefnda í júní 2023, sbr. nánari umfjöllun í þeim hluta framangreindra mála þar sem þessi málsástæða skiptir raunverulegu máli.

101. Aðalkröfu stefnanda verður því hafnað. Ágreiningslaust er að varakrafa stefnanda endurspeglar þau laun sem hann hefði notið á uppsagnarfresti hjá stefnda. Því stendur eftir að fjalla um hvort aðrar málsástæður stefnda leiði til þess að sýkna beri hann allt að einu af öllum kröfum stefnanda.

Lög nr. 19/1979

102. Ekki er hægt að fallast á að 3. gr. laga nr. 19/1979 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla geti breytt réttarstöðu aðila þótt dómurinn telji að lögín eigi við um starfsemi stefnda gagnstætt því sem stefnandi byggir á en ella séu ágætar forsendur til að beita ákvæðum þeirra með lögjöfnun líkt og stefndi byggir á til vara í þessum efnum. Í lögnum er kveðið á um að falli niður atvinna hjá atvinnurekanda, svo sem vegna þess að hráefni er ekki fyrir hendi hjá fiskiðjuveri, upp- og útskipunarvinna er ekki fyrir hendi hjá skipaafgreiðslu, fyrirtæki verður fyrir ófyrirsjáanlegu áfalli, svo sem vegna bruna eða skiptapa, og verður atvinnurekanda þá eigi gert að greiða bætur til launþega sinna, þó að vinna þeirra nemi eigi 130 klukkustundum á mánuði, enda missi launþegar þá eigi uppsagnarrétt sinn meðan slíkt ástand varir.

103. Ákvæði þetta hefur verið efnislega óbreytt frá því að lög nr. 16/1958 voru samþykkt en þar sagði í athugasemdum með frumvarpinu að ákvæðinu væri ætlað að koma í veg fyrir ástæðulausar uppsagnir af hálfu atvinnurekanda þannig að falli atvinna niður af eðlilegum ástæðum, sbr. t.d. þær sem taldar eru upp í ákvæðinu sjálfu, þurfi atvinnurekandi ekki að segja fólki upp heldur geti hann undir ákveðnum kringumstæðum hætt að greiða laun á meðan slíkt ástand varir. Ráðningarsambandið breytist þannig ekki samkvæmt 3. gr. og launagreiðslur hefjast að nýju þegar ástandi lýkur. Tekið er fram í athugasemdum með greininni að upptalning þar um að atvinna falli niður af *eðlilegum ástæðum* sé ekki tæmandi talin. Þrátt fyrir þetta er áréttað að launþegi haldi sínum uppsagnarrétti en það felur þá væntanlega í sér að sætti launþegi ekki sig við að falla af launaskrá tímabundið geti hann róið á önnur mið og beri þá að virða uppsagnarfrest hans og greiðslur á þeim fresti. Samkvæmt þessu verður ekki séð að undir þeim kringumstæðum þegar ekki er um að ræða hlé innan ráðningarsamnings, heldur að vinna hjá atvinnuveitanda hefst alls ekki og ekkert liggur fyrir endanlegt um að hún muni hefjast undir sömu formerkjum, geti ákvæðið ekki átt við samkvæmt orðanna hljóðan og tilgangi þess. Þrátt fyrir að ráðningarsamningur hafi þannig í öndverðu komist á að mati dómsins, sbr. framangreint, liggur fyrir að frá formlegum samningi var ekki gengið þar sem grundvöllur ráðningarsambandsins

brast. Á þeirri stundu lá ekkert fyrir um að af frekari ráðningu yrði auk þess sem ráðning í september 2023 var á grundvelli annars löggernings; annars og nýs vinnuréttarsambands. Að því er varðar stöðu stefnanda sérstaklega, þ.e. að hann var ráðinn til starfa hjá stefnda áður en vertíðin hófst, þá skiptir hún ekki máli og aðilar eru sammála um að sá samningur hafi verið ótengdur þeim samningi sem gilt hefði um hvalvertíðina hefði hún hafist. Því verður að hafna sýknukröfu stefnda sem byggir á lögnum, sem eru enda sett til þess að tryggja launþegum ákveðin lágmarksréttindi gagnvart atvinnuveitanda en ekki öfugt.

Force majeure – óviðráðanleg ytri atvik – brostnar forsendur

104. Stefndi byggir á því að hafi komist á samningur milli hans og stefnanda, líkt og þá fjölda annarra einstaklinga, hafi slíkur fallið niður og sé ógildur eftir ólögfestum reglum um force majeure og brostnar forsendur. Jafnframt telur hann rétt að beita 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggjörninga en reglan eigi að leiða til þess að stefndi teljist ekki skuldbundinn stefnanda að neinu leyti ef málalítilbúnaður stefnda verður skilinn rétt.

105. Framangreindar reglur fela allar í sér frávik frá meginreglunni um skuldbindingargildi samninga eftir efni þeirra og verður þeim beitt einungis í undantekningartilvikum. Meginreglan er sú að loforðsgjafi ber áhættu af því að forsendur fyrir samningi breyta. Það blasir við í máli þessu að um algjöran forsendubrest var að ræða. Ágreiningslaust er að samningur aðila hverfðist um vertíð í tiltekinn tíma með nokkuð fyrirsjáanlegum ábata fyrir báða aðila. Eins og að framan er rakið byggir starfsemi stefnda á lögum og er háð þeirri forsendu að til staðar sé gilt leyfi frá opinberum aðilum til að stunda hvalveiðar. Þótt fallast verði á að ákvörðun ráðherra sem olli því að ekkert varð úr veiðum sumarið 2023 hafi komið aðilum í opna skjöldu, þá blasir jafnframt við að lögformlega getur ráðherra tekið slíka ákvörðun burtséð frá því hvort rétt sé að henni staðið eða hvort síðar komi í ljós að efnisleg skilyrði fyrir slíkri ákvörðun skorti alfarið. Þegar metið er hvaða afleiðingar slíkar brostnar forsendur skuli hafa þarf að fara fram heildarmat, þá einkum út frá hagsmunum aðila; hvað sé sanngjörn og eðlileg niðurstaða og hvorum það standi nær að bera hallann af breytttri stöðu.

106. Það er stefndi sem er handhafi umrædds leyfis og þarf í grunninn að bera áhættu af því að sá grundvöllur brestir. Ef litið yrði svo á að stefndi hefði litla möguleika á að tryggja sig gegn eða sporna við forsendubresti líkum þeim er hér varð er jafnframt fullljóst að stefnandi eða aðrir starfsmenn voru í engum færum til slíks. Við heildarmat í þessu máli verður einnig litið til þess að í framangreindri niðurstöðu varðandi það hvort til ráðningarsambands hafi stofnast og hvaða réttindi stefnandi, sem og þá væntanlega aðrir launþegar í sambærilegri stöðu, eiga á grundvelli kjarasamningsbundins uppsagnarfrests felst að mögulegt tjón stefnda hefur verið takmarkað við

lítinn hluta af þeim kostnaði sem hann þyrfti að bera miðað við ýtrustu kröfur stefnanda. Sú vigt sem ella gæti legið í slíkri málsástæðu varðandi mögulega ógildingu á samningnum öllum með þeim afleiðingum að skuldbindingar stefndu myndu falla með öllu niður er þannig sýnu minni eins og málið horfir við dómnum þegar upp er staðið. Má enda ráða af málatilbúnaði stefnda að þessum málsástæðum sé fremur teft fram til að verjast því að þurfa að standa launþega skil á fullum greiðslum líkt og af áfallalausri vertíð hefði orðið en þær eiga síður við, a.m.k. með tilvísun til 36. gr. laga nr. 7/1936, varðandi þá aðstöðu að launþegi verði talinn hafa eignast rétt til launa í uppsagnarfresti, sbr. framangreint.

107. Fyrir liggur í málinu og reyndar liggur það í hlutarins eðli að stefnandi þurfti líkt og aðrir starfsmenn sem réðu sig til starfa hjá stefnda til hvalvertíðar 2023 að gera ýmsar ráðstafanir og ráðningu sem þessari fylgir eðli máls samkvæmt rask og einnig hið augljósa, að starfsmaður getur ekki ráðið sig í annað starf á meðan og ekki hægt að ganga út frá því að starfsmanna bíði annað starf þegar óvæntur og skyndilegur forsendubrestur verður.

108. Þegar litið er heildstætt á málið verður því ekki fallist á að framangreindar málsástæður stefnda eigi að leiða til þess að hann teljist með öllu óbundinn gagnvart stefnanda heldur styðji meginreglur vinnu- og samningaréttar það, þ.m.t. áhættu- og sanngirnismat, að stefndi teljist skuldbundinn með þeim hætti sem að framan greinir. Á þetta við um allar framangreindar málsástæður stefnda. Er það enda svo að reglur um óviðráðanleg atvik þurfa ekki að leiða sjálfkrafa til þess að efnaskyldur aðila falli hreinlega niður heldur getur slík staða leitt til þess að efndir frestast á meðan hindrun stendur yfir eða taka breytingum en slíkt getur einnig í undantekningartilvikum átt við þótt forsendur bresti með öllu. Þá verður ekki séð að stefndi geti losnað undan skyldum sínum á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936 að sínu leyti með vísan til framangreinds en aukinheldur verður ekki fallist á að virtum málsatvikum og stöðu aðila að það sé ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju af hálfu stefnanda að bera ráðningarsamninginn fyrir sig. Niðurstaða málsins getur þá ekki talist ósanngjörn gagnvart stefnda.

Niðurstaða málsins, málskostnaður og annað

109. Niðurstaða málsins verður því sú samandregið að dómurinn telur að ráðningarsamningur hafi komist á milli aðila en efni ráðningarsambandsins hafi ekki getað að fullu komið til framkvæmda vegna þess að sú forsenda brast að haldið yrði til hvalveiða. Stefnda beri hins vegar að greiða stefnanda laun á uppsagnarfresti og hvorki ólögfestar meginreglur um force majeure eða brostnar forsendur né 36. gr. laga nr. 7/1936 eða ákvæði laga nr. 19/1979 haggi þeirri skyldu hans. Verður því fallist á varakröfu stefnanda en um hana er ekki tölulegur ágreiningur.

110. Að virtum úrslitum málsins þykir rétt að stefndi greiði stefnanda 600.000 kr. í málskostnað samkvæmt 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Ákvörðun um málskostnað tekur mið af úrslitum og umfangi málsins sem og því að rekin eru alls sex mál samtímis sem eiga sér öll sömu rætur og eru að langmestu leyti byggð á sömu sjónarmiðum til sóknar og varnar. Allt eru þetta mál launþega gegn stefnda og rekin og flutt af sömu lögmönnum.

111. Daníel Isebarn Ágústsson lögmaður flutti málið fyrir stefnanda og Dagur Fannar Jóhannesson lögmaður fyrir stefnda.

112. Málið dæmir Lárentínus Kristjánsson héraðsdómari á Vesturlandi.

D Ó M S O R Ð

Stefndi, Hvalur hf., greiði stefnanda, Úlfi Erni Maríusyni, 2.129.066 kr. auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 2. september 2025 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 600.000 kr. í málskostnað.

Lárentínus Kristjánsson

Rétt endurnit staðfesti:
í Héraðsdómi Vesturlands Gjalda
12/2 2026 Greitt

